



Rannsóknastöðin Rif auglýsir eftir umsóknum

Auglýst er eftir umsóknum frá áhugasömum vísindamönnum og rannsakendum sem hug hafa á að nýta aðstöðu rannsóknastöðvarinnar árið 2016 til verkefna á sviði rannsókna og vöktunar.

Hvað er Rannsóknastöðin Rif?

Stöðin var stofnuð árið 2014 með það að markmiði að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkaslétu, safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu og styðja nærsamfélagið. Rannsóknastöðin og aðstaðan sem hún býður upp á er liður í að efla rannsóknir og vöktun á norðurslóðum. Stöðin er aðili að INTERACT, öflugu samstarfi rannsóknastöðva á norðurslóðum. Að henni standa sex íslenskar rannsóknastofnanir auk sveitarfélagsins Norðurþings.

Hvers vegna rannsóknastöð á Melrakkaslétu?

- Ísland er eitt af átta aðildarríkjum Norðurskautsráðsins (Arctic Council)
- Afar mikilvægt er að auka eftirlit, rannsóknir og vöktun á viðkvæmu lífríki norðurslóða í ljósi loftslagsbreytinga og aukinna umsvif manna á norðurslóðum
- Vöktun er grundvöllur þess að stjórnvöld geti brugðist tímanlega við neikvæðum áhrifum á viðeigandi hátt
- Norðurhluti Melrakkaslétu er skilgreindur sem heimskautasvæði (Low Arctic) og hentar afar vel fyrir slíka starfsemi



Hvað er hægt að rannsaka?

Rannsóknastöðin hefur alfarið til umráða jörðina Rif – nyrstu jörð á Íslandi. Jörðin og náttúra hennar gefa óþrjótandi möguleika á hvers konar vöktun og rannsóknum á sviði náttúruvísinda norður við heimskautsbaug, m.a. á:

- gróðri og fuglalífi
- lífi í vötnum frá hafi til heiða
- ströndinni með öllum sínum líffræðilega margbreytileika
- áhrifum hafs á landmótun

Melrakkasléttan og Raufarhöfn er einnig kjörinn vettvangur til rannsókna á samspili manns og náttúru auk byggðapróunar.

Hvernig aðstaða er í boði?

Boðið er upp á gisti- og eldhúsaðstöðu, einfalt vinnurými til grunnvinnslu á sýnum og skrifstofuaðstöðu með góðu netsambandi. Stöðin er til húsa á Raufarhöfn, um 15 km frá rannsóknasvæðinu. Alla nauðsynlega þjónustu, s.s. banka- og pósthjónustu, heilsugæslu og matvöruverslun, er að finna á staðnum. Stefnt er að því að þeir aðilar sem stöðina sækja heim árið 2016 fái aðgang að aðstöðunni og rannsóknasvæðinu endurgjaldslaut. Því er um einstakt tækifæri að ræða.

Hvernig er sótt um?

Umsóknir skulu berast rafrænt á netfangið rif@nna.is á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á slóðinni rifresearch.wordpress.com/eydublod/.

Nánari upplýsingar veitir Jónína Sigríður Þorláksdóttir verkefnastjóri (s: 856 9500, netfang: rif@nna.is). Við bendum líka á vefsíðu Rifs: rifresearch.is en einnig má finna okkur á facebook.